



Kennsluáætlun - Haustönn 2019

NÆRI2AA05

Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um íslenskar ráðleggingar um fæðuval og hvernig hægt er að haga mataræði í samræmi við þær. Einnig eru kynntar nýjar rannsóknir um mikilvægi heilbrigðar meltingarflóru og kenningar um virkni lífverunnar sem heildar. Fjallað er um orkuefnin, steinefni, snefilefni, vítamín og virk plöntuefni. Farið er yfir alla matvælaflokkana með tilliti til næringargildis og uppbyggingar hollra máltíða. Nemendur reikna út næringargildi eigin mataræðis, æfa sig í að byggja upp hollar máltíðir og reikna út næringargildi þeirra. Næringarforrit eru notuð til útreikninga. Kynnt eru lög og reglugerðir um aukefni og vörumerkingar matvæla og nemendur þjálfarir í að lesa innihaldslýsingar þeirra. Fjallað er um næringarþarfir fólks á ýmsum aldursskeiðum. Mataræði sjúklinga á sjúkrahúsum, öldrunarheimilum og í heimahúsum er tekið fyrir. Fjallað er um allar helstu gerðir af sérfæði og forsendur fyrir því ásamt mikilvægustu matareitranir og matarsýkingar.

Markmið áfangans

Nemendur öðlist þekkingu á næringarefnunum og í hvaða fæðutegundum þau finnast, þekki aðalhlutverk næringarefnanna, afleiðingar næringarskorts og ofeldis, megináherslur í næringarþörfum nokkurra ólíkra hópa og helstu matarsjúkdóma og matareitranir.

Kennsluefni

Næring og hollusta eftir Elísabetu S. Magnúsdóttir.

Efni frá kennara og upplýsingar af neti.

Námsmat

Lokapróf	60%	þar af verkefni: Einstaklingsritgerð – örritgerð 3% Orkuþörf og morgunmaturinn 4% Orkuútreikningar máltíða 2% Fæðudagbók 4% Heimildaritgerð (hópverkefni) 7% Tímaverkefni 10%
Ferilmappa	30%	
Stöðupróf	10%	

Áætlun um yfirferð:

- | | |
|-----------------|--------------------------|
| 34. – 35. vika | Kaflar 1 – 3 |
| 35. – 39. vika | Kaflar 4 – 7 |
| 40. – 41. vika | Kaflar 8 – 12 Stöðupróf |
| 42. – 45.. vika | Kaflar 13 – 20 |
| 46. – 47. vika | Kaflar 20 - 23 Stöðupróf |
| 48. – 49. vika | Matarsjúkdómar o.fl. |

Kennsluáætlun þessi er gerð með fyrirvara um breytingar.

Kennari: Jón Grétar Hafsteinsson